

Nefndasviðs Alþingis  
b.t Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. nóv. 2007

**Umsögn um: lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18, 2. nóv. 1992. (7. mál.)**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja að tryggja eigi börnum sjálfstæð réttindi óháð vilja foreldra sinna eða forráðamanna eins og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (hér á eftir nefndur Barnasáttmálinn) kveður á um.

Vegna tvíeðliskenningarinnar sem lögð er til grundvallar í lagatúlkun hér á landi þarf að lögfesta alþjóðlega samninga ef þeir eiga að hafa bein réttaráhrif hér á landi. Samtökin telja að skuldbinding Íslands til að veita börnum þennan rétt að þjóðarétti sé ekki nægileg. Til að tryggja börnum þennan rétt með fullnægjandi hætti verður að vera hægt að beita ákvæðum barnasáttmálans fyrir íslenskum dómstólum sem settum lögum, sem þýðir að lögfesta þurfi sáttmálann. Vægi Barnasáttmálans yrði þá meira hér á landi þar sem stjórnvöld og dómstólar landsins yrðu að taka mið af honum sem lögum við úrlausnir mála.

Samtökin hvetja því íslenska löggjafann til þess að lögfesta Barnasáttmálann með sama hætti og gert var með Mannréttindasáttmála Evrópu og líkt og Noregur gerði 1. okt. 2003.

Barnaheill- Save the Children á Íslandi styðja einnig allar hugsanlegar lagabreytingar vegna lögfestingar Barnasáttmálans sem koma fram í tillögunni til þingsályktunar.

Virðingarfyllst,

---

Petrína Ásgeirsdóttir,  
Framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi